

Skipulags- og mannvirkjanefn Ísafjarðarbæjar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Axel R. Överby.

Sem handhafi lóðar nr. 3 í landi Sæborgar í Aðalvík, sem bæjarstórn samþykkti á fundi sínum þann 7. apríl 2016 að stofnuð yrði að tillögu Skipulags- og mannvirkjanefndar (453. Fundur Skipulags- og mannvirkjanefndar, 30. Mars 2016) vil ég formlega koma á framfæri eftirfarandi athugasemd:

Tillaga nefndarinnar var svo hljóðandi:

“Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að lóðir 1, 2 og 3 verði stofnaðar samkvæmt uppdrætti. Nefndin bendir á að til að reisa nýtt hús á landi Sæborgar, Sæbóls og Garða þurfi að liggja fyrir samþykki allra eigenda jarðanna.”

Venjulega er einungis krafist samþykkis landeigenda viðkomandi jarðar fyrir byggingum á viðkomandi jörð, en nærliggjandi landeigendum gefið færi á athugasemdum með grendarkynningu.

Setninguna *“Nefndin bendir á að til að reisa nýtt hús á landi Sæborgar, Sæbóls og Garða þurfi að liggja fyrir samþykki allra eigenda jarðanna”* má skilja þannig að allir landeigendur Sæbóls og allir landeigendur Garða þurfi að samþykkja húsbyggingu í landi Sæborgar ásamt landeigendum jarðarinnar sjálfar. Húsbyggingar í landi Garða yrðu þá einnig að samþykkjast af landeigendum Sæbóls og Sæborgar, og byggingar í landi Sæbóls að hljóta samþykki landeigenda Garða og Sæborgar.

Ef Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að slík skilyrði skuli gilda um byggingaleyfi í Hornstrandafriðlandinu þá óska ég eftir því við nefndina að hún tilgreini á hvaða lagaheimildum hún byggir þá ákvörðun sína.

Hafi hnefndin hins vegar einungis verið að benda á að allir jarðeigendur hverrar jarðar fyrir sig þurfi að samþykkja byggingar á þeirra eigin jörð, svo sem lög segja til um, þá óska ég eftir því að nefndin taki af öll tvímæli þar um.

Virðingarfyllst.

Ísafirði 6. Apríl 2017



Einar Hreinsson.